

3 sem veitt er í fjárlögunum til barnaskóla, og getur því ekki komið til tals, að veita
15. jan. neinn styrk af þessu fje til að *stofna* barnaskóla í Dyrhólahreppi, nje heldur að veita neinn styrk til viðrhalds slíkum skóla, fyr en hann er kominn á fót og vissa er fengin fyrir, að hann njóti einnig annarar tillögu, er eigi sje minni en helmingur á móts við styrkinn úr landssjóði.

4 Brjef landshöfðingja til *amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um tilkall leigu-*
20. jan. *liða til hluta úr rekahval.* — Með brjefi dagsettu 22. septembermán. f. á. hafið þjer, herra amtmaður, sent lingað skýrslur viðvíkjandi hval, er drepinn var á Loðmundarfirði 29. apríl s. á. í netlögum þjóðjarðarinnar Ness, og bera þessar skýrslur með sjer, að þegar hvalsins varð vart, var hann króaður inn í ísvök mjög nærri landi; fóru þá menn frá bænum Nesi og Neshjáleigu á bát út í vökina, komust milli hvalsins og íssins og fældu hann svo, að hann flúði inn á land, unz hann kenndi grunns, og var hann þá festur og drepinn og dreginn á land með næsta flóði; síðan var hvalurinn, að frádregnum einum þriðjungi í skurðarhlut, seldur eptir ráðstöfun hlutaðeiganda umboðsmanns við opinbert uppboð sem eign landssjóðsins fyrir hjer um bil 1500 kr., en nú hafa leiguliðarnir á Nesi og Neshjáleigu farið fram á, að þeim beri einhver ákveðinn hluti, að því er virðist einn þriðjungur, af hvalnum, og leitað um það úrskurðar landsstjórnarinnar. Um þetta efni hafið þjer, herra amtmaður, látið það álit yðar í ljósi, að hvalur þessi samkvæmt Jónsbókar rekabálki, 2. kap., sje eign landssjóðsins sem landeiganda, og að hlutaðeigandi leiguliðum, er samkvæmt leiguliðaskyldu sinni festu hvalinn, ekki beri meira af honum en 6 vættir, hálf t hvort spik og rengi, en með því að hvalurinn að öllum líkindum hefði ekki náðst, þar sem svo er skýrt frá, að ísinn hafi rekið burt af firðinum daginn eptir hvaldrápið, ef leiguliðarnir hefðu ekki sýnt svo mikinn dugnað og atorku við að festa hann, hafið þjer lagt það til, að nefndum leiguliðum eða rjettum hlutaðeigendum verði gefinn kostur á að fá þriðjung hvalsins, sem eptir er þegar skurðarhlutinn er dreginn frá. Jafnframt hafið þjer lagt það til, að sú ráðstöfun hlutaðeigandi umboðsmanns, að hann hefir látið skurðarmenn hvalsins fá þriðjung hans í skurðarhlut, eins og venja sje í Múlasýslum, megi standa óhöggud.

Út af þessu skal yður, herra amtmaður, til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þjer birtið það hlutaðeigendum, að jeg eptir þeim skýrslum, sem þannig eru fram komnar, er yður samdóma um, að hvalur sá, sem hjer um ræðir, sje eign landssjóðsins, og að jeg þess vegna ekki sje mjer fært að láta af hendi neinn ákveðinn hluta af andvirði hvalsins, fram yfir festarhlut samkvæmt Jónsbókar landsleigubálki, 7. kap., til leiguliðanna á Nesi og Neshjáleigu, en með því að það á hinn bóginn er upplýst, að menn þeir, er unnu að hvaldrápinu, hafa sýnt í því mikinn dugnað og áræði, og líkur eru til, að það sje framgöngu þeirra að þakka, að hvalurinn náðist, virðist mjer sanngjarnt, að það sje látið ásannast af hálfu landeiganda, og mun þeim því, ef þeir fara þess á leit, verða veitt hæfileg þóknun fyrir frammistöðu þeirra eptir nánari uppástungu yðar, herra amtmaður. Að því er snertir þann þriðjung hvalsins, sem skurðarmenn hafa fengið, má eptir atvikum við svo búið standa.

5 Brjef landshöfðingja til *amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um land-*
20. jan. *hlut í hval.* — Með brjefi dagsettu 21. septembermán. f. á. hafið þjer, herra amtmaður,

sent hingað þingsvitni og aðrar fleiri skýrslur viðvíkjandi hval, er unninn var 16. maí s. 5
 á. í ísvök fram undan landi Þjóðjarðarinnar Höfðahóla í Vindhælishreppi og var rekinn 20. jan.
 þar upp að landi og festur með festum, sem færðar voru á land; var hvalnum síðan
 skipt þannig, að þeir menn, er unnu hann, tóku til sín tvo þriðjunga hans, en leigulið-
 ar Þjóðjarðarinnar Höfðahóla köstuðu eign sinni á einn þriðjung, sem eptir skýrslu þeirra
 nam 656 kr. 85 a. að öllum kostnaði og skurðarhlut frádregnum. Hafid þjer, herra amt-
 maður, látið það álit yðar í ljósi, að landeiganda, sem hjer er landssjóður, en ekki leigu-
 liðunum beri þriðjungur hvalsins eptir Jónsbókar rekabálki, 8. kap., og hafid þjer því
 lagt það til, að höfðað verði mál gegn nefndum leiguliðum af hendi landsjóðsins og þess
 krafizt, að þeir láti af hendi þann þriðjung hvalsins, sem þeir hafa tekið undir sig,
 eða nettó-andvirði hans eptir framlögðum reikningum, svo og að þeir borgi allan kostnað
 af málsókninni.

Með því að jeg eptir skýrslum þeim, sem fram eru komnar í málinu, verð að
 fallast á skoðun þá, er þjer, herra amtmaður, þannig hafid látið í ljósi, fel jeg yður á
 hendur að gjöra nauðsynlegar ráðstafanir til, að mál verði höfðað gegn leiguliðunum á
 Höfðahólum á þann hátt, sem þjer hafid lagt til.

Brjef landshöfðingja til prestsins síra Jóns Bjarnasonar á Seyðisfirði um skil 6
 fyrir eptirlaunum uppgjafaprests af brauði. — Í brjefi dagsettu 3. ágúst 1881 hafid 26. jan.
 þjer sent stiptsyfirvöldunum, í umboði föður yðar, uppgjafaprestsins í Stafafellsprestakalli
 Bjarnar Sveinssonar, skýrslu um tekjur nefnds prestakalls fardagaárið 1880—81, og jafn-
 framt um það, hve mikið hann hefði fengið af eptirlaunum sínum af prestakallinu það
 ár hjá prestinum Páli Pálssyni í Þingmúla, sem þá var prestur í Stafafellsprestakalli og
 innheimti allar tekjur þess; taldist yður svo til, að faðir yðar ætti þá inni hjá honum
 óborgað af eptirlaunum sínum 184 kr. 10 a. og óskuðuð þjer, að stiptsyfirvöldin vildu
 sjá svo til, að föður yðar yrði fljótt og vel greidd skuld þessi. Eptir að stiptsyfirvöldin
 höfðu nú leitað skýrslna þeirra um þetta mál, er þeim þótti við eiga, ákváðu þau í
 brjefi dagsettu 23. sept. 1882 til prófastsins í Suður-Múlasýslu, að Páli presti bæri að
 gjalda föður yðar 92 kr. 66 a., því þeim taldist svo til, að skuldin væri eigi meiri en
 þetta.

Undan þessum úrskurði stiptsyfirvaldanna hafid þjer nú með brjefi dags. 26. okt.
 f. á. borið yður upp við landshöfðingja og reynt til að sýna, að skuld föður yðar hjá
 Páli presti væri í raun og veru 184 kr. 10 a. en ekki 92 kr. 66 a., eins og stiptsyfir-
 völdin hefðu álitid, og hefir yður og fundizt aðferð Páls prests og stiptsyfirvaldanna
 í þessu máli ekki sem hún hefði átt að vera.

Landshöfðingi getur nú auðsjáanlega ekki með neinum lagakrafti skorið úr því,
 hvað skuld föður yðar hjá Páli presti sje stór, heldur er það eptir atvikum dómstólanna,
 og verður því faðir yðar að halda sjer til þeirra, ef hann eigi vill hlíta úrskurði stipts-
 yfirvaldanna, eða hann og Páll prestur eigi geta sætt á málið.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um ofheimt 7
 spítalagjald og aðflutningsgjald. — Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir 18. desember f. á. 3. febr.
 ritað mjer þannig:

«Í brjefi dagsettu 10. febrúar þ. á. ritaði jeg yður um nokkrar fjárgreiðslur, er